

Sameiginleg yfirlýsing
ríkisstjórnar Alþýðulýðveldisins Kína
og
ríkisstjórnar Íslands
um að efla víðtækt
tvíhliða samstarf sín á milli
(Peking 15. apríl 2013)

Í boði hr. Li Keqiang, forsætisráðherra ríkisráðs Alþýðulýðveldisins Kína, kom frú Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra Íslands, í opinbera heimsókn til Kína dagana 13. til 18. apríl 2013. Meðan á heimsókninni stóð átti Li Keqiang forsætisráðherra viðræður við Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra.

Leiðtogar landanna tveggja rifjuðu upp þróun vinsamlegra samskipta þeirra og samstarfs á sviði stjórn mála, efnahagsmála, menningarmála, menntamála, vísinda og tækni, um málefni hafsins, í ferðamálum og á öðrum sviðum frá því stofnað var til stjórn málasambands milli landanna í desember 1971 og voru sammála um að tvíhliða samskipti hefðu eflst í áföngum, með sífellt auknu pólitísku, gagnkvæmu trausti og virðingu, og aukið á samstarf og viðskipti. Báðir aðilar telja staðfastlega að koma beri fram við öll lönd sem jafningja í samfélagi þjóðanna og að þau geti gegnt uppbyggilegu hlutverki í heimsmálum án tillits til stærðar þeirra eða styrkleika. Báðir aðilar deila þeirri skoðun að það sé beggja hagr að vinna saman að tvíhliða, marghliða og hnattrænum viðfangsefnum.

3. Báðir aðilar sammæltust um að auka skoðanaskipti um stjórnsmál og efnahagsmál, byggð á gagnkvæmri virðingu og jafnræði, með því að halda áfram reglubundnum og gagnkvæmum samskiptum á æðstu stigum og stuðla að vinsamlegum samskiptum ríkisstjórna, löggjafarþinga og svæðisbundinna stjórnvalda landanna af mismunandi tagi og á ólíkum stigum, í því skyni að auka sameiginlegan skilning, stuðla að nánara samráði og samvinnu milli utanríkisráðuneyta landanna, viðhalda pólitískum skoðanaskiptum háttsettra embættismanna og kappkosta að halda fundi annað hvert ár, til skiptis í Beijing og Reykjavík, treysta samband og samskipti milli viðkomandi deilda, sem stýra efnahags- og viðskiptamálum í löndunum tveimur, ásamt því að viðhalda festu í skipan hinnar sameiginlegu efnahags- og viðskiptanefndar. Báðir aðilar áréttuðu að þeir virða að fullu fullveldi og friðhelgi landamæra hvors annars. Ísland fylgir þeirri stefnu að Kína sé eitt og óskipt ríki og styður friðsamlega þróun samskipta yfir sunnið og þá viðleitni að Kína sameinist á ný með friðsamlegum hætti. Kína metur mikils fyrrnefnda afstöðu ríkisstjórnar Íslands.

4. Sem aðildarríki að Sameinuðu þjóðunum virða báðir aðilar markmið og grunnþætti sáttmála Sameinuðu þjóðanna og forræði og hlutverk Sameinuðu þjóðanna. Leiðtogar beggja aðila ítrekuðu stuðning sinn við sanngjarnt, réttlátt, réttmætt og reglufast fjölþjóðasamstarf, þar sem Sameinuðu þjóðirnar gegni lykilhlutverki þegar tekist er á við hnattræn viðfangsefni. Hér er meðal annars vísað til þess að vernda frið í heiminum, stuðla að almennri þróun, þar á meðal nýjum þróunarmarkmiðum eftir 2015, vinna alþjóðlegri samvinnu fylgis, sem

og pólítískum lausnum í milliríkjadeilum með friðsamlegum hætti á grundvelli samráðs og samningaviðræðna.

5. Báðir aðilar gáfu fyrirheit um að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi, þar sem tekið er tillit til stjórnmála-, efnahags- félags-, umhverfis- og menningarlegra aðstæðna hvors lands um sig. Báðir aðilar virða þær leiðir til þróunar sem hvor þeirra hefur valið samkvæmt aðstæðum í eigin landi. Báðir aðilar ítrekuðu að þeir framfylgja þeim hugsjónum sem Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna og viðeigandi alþjóðlegir mannréttindasáttmálar, sem þeir hafa gerst aðilar að, fela í sér og munu áfram efla og vernda mannréttindi með virkum hætti. Báðir aðilar munu viðhalda samskiptum og samvinnu sín á milli á sviði kynjajafnréttis, eins og fram kemur í „viljayfirlýsingu velferðarráðuneytis Íslands og Kvennamálasamtaka Kína (All-China Women's Federation of the People's Republic of China), sem var undirrituð árið 2012.

6. Báðum aðilum var umhugað um að nýta tækifærið til að undirrita tvíhliða fríverslunarsamning í því skyni að efla enn frekar samstarf sín á milli á sviði viðskipta og fjárfestinga, báðum til hagsbóta. Báðir aðilar leggjast gegn verndarstefnu í viðskiptum og fjárfestingum og einsetja sér að fjarlægja viðskiptahindranir með því að mynda fríverslunarsvæði í því skyni að tryggja framþróun og aukin alþjóðaviðskipti.

7. Báðir aðilar sammæltust um að stuðla enn frekar að samskiptum og hagnýtu samstarfi sín á milli um málefni norðurskautssvæðisins og viðfangsefni á sviði hafsins, jarðvarma, jarðvísinda, umhverfisverndar

og loftlagsbreytinga og annarra viðfangsefna á grundvelli
„Rammisamningsins milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar
Alþýðulýðveldisins Kína um samstarf á norðurslóðum“,
„Samkomulagsins um samstarf í vísindum og tækni á sviði haffræði og
heimskautafraeði milli utanríkisráðuneytis Íslands og stofnunar
kínverska ríkisins um málefni hafsins“ og „Samkomulagsins milli
utanríkisráðuneytis Íslands og jarðnýtingar- og auðlindaráðuneytis
Alþýðulýðveldisins Kína um samstarf á sviði jarðvarma og jarðvísinda“.
Ísland áréttaði stuðning sinn við umsókn Kína um áheyrnaraðild að
Norðurskautsráðinu. Kína lét í ljós þakklæti fyrir þennan stuðning.

8. Báðir aðilar voru því sammála að auka samstarf á sviði vinnumála, í
menningarmálum, menntamálum og ferðamálum og á öðrum sviðum og
að stuðla að beinu sambandi og samskiptum milli íbúa landanna.